



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 17. júní 2011

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Blönduósbæjar á Sölvabakka, föstudaginn 17. júní 2011. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

Upprekstrarmál.

Nefndin hóf fundinn á gróðurskoðun, fyrst var farið upp á Þverárfjall og síðan fram að Kirkjuskarði. Gróður var lítt kominn af stað miðað við árstíma, sem kom ekki á óvart miðað við tíðarfarið. Þó var öllu vænlegra og meiri gróður við frammi við Kirkjuskarð en uppi á Þverárfjalli.

Ákveðið var að heimila upprekstur hrossa í afréttarlönd Blönduósbæjar frá og með 24. Júní næstkomandi. Hagagjald og fyrirkomulag upprekstrar verði með sama sniði og undanfarin ár. Hrossaeigendum verður tilkynnt um það bréflega.

Fundagerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)